

# Tússtöflumálning með segulmögnum – Hvít

## Smart Magnetic Whiteboard Paint – White

Með segulmögnuðu tússtöflumálningunni er hægt að komast hjá því að fjárfesta í dýrri segultússtöflu fyrir skólann eða fyrirtækið; í staðinn er hægt að nota þetta málningarsett til að umbreyta veggnum sjálfum í tússtöflu. Þá er hægt að festa segla og skrifa beint á vegginn.

Segulmagnaða tússtöflumálningin opnar fyrir marga möguleika á vinnusvæðinu. Þannig er hægt að auka aðstöðu fyrir sköpun, skilvirkni og einbeitingu án þess að fórn hönnun rýmisins með klunnalegum veggstöflum eða töflustöndum. Hér er þér gert kleift að búa til segulmagnaðan tússtöfluflokk en viðhalda stílnum á vinnusvæðinu. Efnið kemur í pakkasetti sem inniheldur öll þau verkfæri sem þú þarft til verksins. Segulmagnaða tússtöflumálningin er með 10 ára ábyrgð.

- 10 ára ábyrgð
- Helst blettalaus
- Heldur uppi 4 blöðum með Neodymium segli
- Virkar með öllum tússpennum og fylgihlutum
- Tilbúið til notkunar eftir 4 daga
- Laus við leysiefni og isocyanates, lágmarks VOC (rokgjörn lífræn efni)
- Vottanir: LEED, M1, VOC og IAC (Indoor Air Comfort)
- Brunavottun frá Fire - Euroclass B

### Tæknilegar upplýsingar

Þekja – 6m<sup>2</sup> sett:

Þekja / Magn / Þyngd: Segulmálning – 6m<sup>2</sup> / 1900ml / 5.56kg

Þekja / Magn / Þyngd: Tússtöflumálning – 6m<sup>2</sup> / 369ml / 490g

Þekja – 2m<sup>2</sup> sett:

Þekja / Magn / Þyngd: Segulmálning – 2m<sup>2</sup> / 950ml / 2.28kg

Þekja / Magn / Þyngd: Tússtöflumálning – 2m<sup>2</sup> / 141ml / 187g

Þekja – 6 fm<sup>2</sup> Grunnur:

Þekja / Magn / Þyngd: 6m<sup>2</sup> / 750ml / 1.07kg

Litur – Segulmálningin: Grá

Tússtöflumálningin: Hvít (RAL 9003)



Vinnslutími (tússtöflumálningin) – 1 klst

Gljái – Glans (98 GU við 60°)

Segulefna innihald – 60% seguljárnsteinn

VOC – Undir 13 g/l

Grunnur – Ómálaða eða gljúpa fleti skal fyrst grunna með vatnsþynntum grunni

Viðeigandi fletir – Veggir, skrifborð / fundarborð, húsgögn, gler og allir sléttir fletir

## Innihald

1 x Segulmálning

1 x Tússtöflumálning

1 x Hvítur grunnur

2 x Neodymium kraftseglar

1 x Örtrefjaklútur

1 x Merkimiði

1 x Rúlluskaftr

3 x Rúllur

1 x Slípikubbur

1 x Hræriprik

1 x Par hanskar

1 x Leiðbeiningabæklingur

## Verklýsing

- Tryggið að flöturinn sé hreinn, þurr og fastur í sér. Mælt er með að þrifa vegginn með fituhreinsi, t.d. Málartvätt frá Nordsjö
- Mikilvægt er að flöturinn sé alveg sléttur fyrir málun. Gott að slípa yfir hann með fínnum sandpappír til að ná niður misfellum. Sléttur flötur eykur líkur á lýtalausri áferð
- Gler og aðra spegilsléttu eða glansandi fleti þarf að matta með slípifilt til að tryggja góða viðloðun
- Ómálaða eða gljúpa fleti skal grunna með vatnþynntum grunni



- Hrærið vel í segulmálningunni áður en hún er borin á. Málið fyrstu umferð. Eftir um 2 klst er þússað létt yfir flötinn með 1200p sandpappír. Farið að minnsta kosti 2 umferðir í viðbót og slípið á milli umferða. Fara má allt að 7 umferðir af segulmálningunni ef óskað er eftir meiri segulstyrk en hann eykst við hverja umferð
- Þegar síðasta umferð af segulmálningunni er þornuð þarf að grunna með vatnsþynnta grunninum sem fylgir í pakkanum
- Farið 3 umferðir af hvíta grunninum, með 1-2 klst á milli umferða, eða þangað til að hann hylur segulmálninguna fullkomlega og flöturinn er hvítur. Þússið létt yfir flötinn á milli umferða til að hann sé sem sléttastur
- Þá er komið að tússtöflumálningunni. Tryggið að flöturinn sé eins sléttur og hægt er áður en tússtöflumálningin er sett yfir
- Þá er komið að glæra tússtöflulaginu. Blandið saman öllum A hluta dósunum í B hluta dósina og hrærið vel með prikinu sem fylgir. Um leið og efnunum er blandað saman þarf að ljúka við að mála með þeim á innan við klukkutíma
- Mælt er með að mála í 1 metra einingum.
  - Skerið í kringum eininguna að innan með pensil
  - Rúllið reitinn með rúllunni sem fylgir málningunni
  - Passið að hafa jafna dreifingu yfir allan flötinn
  - Eftir að einingin er máluð, rýnið í reitinn frá þremur miðmunandi sjónarhornum til að vera viss um að það séu engir skallablettir eða ójöfn dreifing af efni
- Málninginn verður snertipurr eftir 5 klst.
- Tússtaflan verður tilbúinn til notkunar eftir 4 daga
- Þrífið túss af töflunni daglega fyrstu vikuna eftir að hún er tekin í gagnið
- Útþurrkunareiginleikar töflunnar batna smám saman yfir fyrstu 30 dagana

Leiðbeiningamyndband: <https://www.youtube.com/watch?v=kE8DIH-mq5I&list=PL9F4zJ6fz7ZvbCKddX4oKUSLMdUEoiuXX&index=11>